




Tryggvagata 15 – Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 8. febrúar 2024 var lögð fram fyrirspurn Simon Joscha Flender, dags. 5. febrúar 2024, ásamt bréfi, dags. 5. febrúar 2024, um hvort breyta þurfi deiliskipulagi Kvosarinnar vegna breytinga á lóð nr. 15 við Tryggvagötu sem felast m.a. í að opna milli hæða, bæta einni hæð ofan á bygginguna og bæta við stigahúsi, samkvæmt tillögu JVST Iceland ehf., ódags.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Deiliskipulag frá 2015



Loftmynd, júlí 2023

Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Samkvæmt landnotkun er Austurbakki 2 / Austurhöfn skilgreind Miðborg (M1). Í miðborgarkjarnanum má finna lykilstofnanir stjórnsýslu, menningar og mennta innan um líflægustu verslunargötur landsins.

Deiliskipulag: Í gildi er á deiliskipulag Kvos staðfest 22. febrúar 1988 með síðari breytingu (verulegri) vegna viðbyggingar við Borgarbókasafn Reykjavíkur, staðfest í B-deild stjórnartíðinda 5. mars 2015. Lóð nr. 15 stækkaði um 8m til norðvesturs og er 1207,0 m² skv. skipulagi (1220,0 m² skv. mæliblaði og fasteignamati). Heildar byggingarmagn á lóð skv. skipulagi er 7308,1 m². Nýtingarhlutfall ofanjarðar 5,85 (6,06 með kjallara).



Umsögn

Af frumdrögum og myndum í greinargerð sem fylgdi fyrirspurninni gerir samkeppnistilaga stækkaðs Borgarbókasafns ráð fyrir breyttu þakformi Grófarhúss með tveimur glerjuðum þakhæðum ofan á núverandi þakplötu (að hluta) í stað núverandi þakhæðar ásamt nokkuð yfirgrípsmiklum þakgarði og þaksvölum. Gert er ráð fyrir hærri þakkóta (efsta þaktoppi) sem nemur um hálfum metra. Breytt og stækkað þakform birtist næst Geirsgötu en dregið er úr fyrirferð þakhlutans við Tryggvagötu. Turnspíra næst Hafnarhúsi verður rifin. Þá er gert ráð fyrir tveimur göngubrúum yfir húsagötu til móts við Grófina sem ætlað er að tengja starfsemina við Listasafn Reykjavíkur í Hafnarhúsi við Tryggvagötu 17.

Þessi atriði ásamt breyttu útliti á veggflötum hússins (til fyrra horfs skv. greinargerð), niðurrifi hæða innanhúss þar sem opnað verður milli hæða við gerð miðlægs aðalsalar "atrium", og möguleika á breyttum eða fjölgun aðkomuleiða / innganga, skal gera grein fyrir í deiliskipulagsbreytingu ásamt skuggavarpsgreiningu sem verður auglýst berist umsókn um breytt deiliskipulag.






Útlit Tryggvatorg 1:100 *


Útlit Tryggvegata 1:100 *




NÚVERANDI ÁSTAND



TILLAGA



NÚVERANDI ÁSTAND



TILLAGA

Niðurstaða

- Breyta þarf deiliskipulagi og auglýsa breytingartillöguna ásamt skuggavarpssgreiningu sbr. umsögn að ofan.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur /Ingvar Jón Bates Gíslason, arkitekt